



HAMRABORG

MOSFELLSBÆR

Greinargerð - júní 2021

Nýtt deiliskipulag

Svæðið tilheyrir Hlíðahverfisvæði vestan Vesturlandsvegar

Lögð fram sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



Efnisyfirlit

1.	Almennar upplýsingar	3
1.1	Aðalskipulag	3
1.2	Lega, afmörkun og aðkoma	3
1.3	Markmið deiliskipulags.....	3
1.4	Umhverfisáhrif.....	3
1.5	Húsakönnun.....	3
1.6	Skipulagsgögn/skýringaupprættir	3
2.	Skilmálar	3
2.1	Almenn atriði.....	3
2.2	Aðalupprættir	4
2.3	Mæliblöð og hæðarblöð	4
2.4	Lóðir og lóðastærðir	4
2.5	Húsgerðir, fjöldi íbúða og bílastæði	4
2.6	Sorpgeymslur.....	5
2.7	Smáhýsi á lóðum.....	5
2.8	Hljóðvist.....	5
2.9	Opin svæði til sameiginlegra nota	5
2.10	Bílgeymslur og bílastæði.....	5
2.11	Frágangur á lóð og lóðarmörkum	5
2.12	Lagnir og veitur.....	5
3.	Sérstakir skilmálar	6
3.1	Einbýlishús – Lóð 6,7,9,10 og 11.....	7
3.2	Fjölbýlishús – Lóð 12.....	8
3.4	Raðhús – Lóð 1 og 2	9
3.5	Raðhús – Lóð 3,4 og 5	10

1. Almennar upplýsingar

1.1 Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 er Hlíðarhverfi skilgreint sem íbúðarsvæði (120-Íb) og hefur það verið deiliskipulagt í áföngum um tveggja áratuga skeið. Svæðið tilheyrir svæðinu vestan Vesturlandsvegur og er á svæði Hamraborgar í Hlíðarhverfi.

Í Aðalskipulagi kemur fram að Hlíðarhverfissvæðið er innan þéttbýlismarka. Um er að ræða tvo þéttbýlishluta. Hamraborgarsvæðið tilheyrir stærri hlutanum, um 1.180 ha. og tekur til meginbyggðar Mosfellsbæjar vestan Helgafells og Reykjafells að mörkum Reykjavíkur í suðri og norðri. Hlíðarhverfi er með skipulagsákvæði um blandaða byggð, fjölbýlis- og sérbýlishúsabyggð.

1.2 Lega, afmörkun og aðkoma

Deiliskipulagssvæðið er um 2,6 ha að stærð. Deiliskipulagsreiturinn er afmarkaður af Bogatanga/Skeiðholti til norðurs, Langatanga til austurs, Þjónustulóðum til suðurs og grænu svæði og einbýlishúsum við Hamratanga til vesturs. Meginaðkoma að svæðinu er að austan frá Langatanga. Í framtíðinni er gert er ráð fyrir að Borgarlínan fari um Bogatanga/Skeiðholt og að stoppstöð verði norðanmegin við deiliskipulagssvæðið.

Klettabelti myndar náttúruleg skil á reitnum og skiptir svæðinu í tvo hluta.

1.3 Markmið deiliskipulags

Markmið deiliskipulagsins er að skapa íbúðabyggð sem fellur vel að núverandi byggð og býður upp á blandaða byggð með fjölbýlis- og sérbýlishúsnæði. Áhersla er á að skapa tengingu við aðliggjandi byggð til vesturs, mynda heildræna mynd á Hlíðarhverfissvæðinu. Hagkvæmt og minna sérþýli (raðhús um 180 m²), einbýlishús og íbúðir í fjölbýli með stórbrotnu útsýni.

Mikilvægt er að byggðin falli vel að landi og fyrirkomulag húsa stuðli að sem bestu skjóli og birtu í íbúðum og á dvalarsvæðum.

1.4 Umhverfisáhrif

Samkvæmt viðaukum í lögum nr. 105/2006 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum fellur skipulagssvæðið ekki undir framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Skipulagssvæðið



1.5 Húsakönnun

Hamraborg er eina byggingin á svæðinu í dag. Steinsteypt einbýlishús 210 m² að stærð með stökum bílskúr. Byggingin við Hamraborg er ágætur fulltrúi byggingarlistar síns tíma. Gæta skal varúðar við allar breytingar. Arkitektar eru Teiknistofan Óðinstorgi og byggingarár 1972.

1.6 Skipulagsgögn/skýringaupprættir

Deiliskipulagið er sett fram á tveimur upprætti og sérstakri greinargerð með skýringarmyndum. Í greinargerð er gert grein fyrir hverri húsgerð með skýringamynd.

2. Skilmálar

2.1 Almenn atriði

Skipulagsskilmálar skiptast í almenn ákvæði fyrir fjölbýlishús og sérbýlishús og sérákvæði fyrir einstakar húsgerðir. Lóðarhafar hafa sameiginlegum skyldum að gegna og bera sameiginlega ábyrgð gagnvart Mosfellsbæ á lóðinni sem heild og sameiginlegum framkvæmdum á lóðinni.

2.2 Aðalupprættir

Á aðaluppráttum skal sýna skipulag lóða í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum og annað sem máli skiptir fyrir fyrirkomulag og útlit mannvirkja. Lóðamörk eru sýnd á skipulagsupprætti. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar verður gerð grein fyrir lóðamörkum, málsetningum lóðar og lóðarstærðum á mæliblöðum.

2.3 Mæliblöð og hæðarblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti íbúðarhúss og bílgeymslu, fjölda bílastæða á lóð og kvaðir ef einhverjar eru ofl.. Gera skal sérstök mæliblöð fyrir hverja lóð fyrir sig á grundvelli þessa deiliskipulags. Byggingareitir eru sýndir á mæliblöðum og skulu byggingar standa innan þeirra. Einnig eru þar sýndir reitir fyrir leyfilegar útbyggingar með takmörkuðu umfangi. Sjá nánari lýsingar einstakra húsgerða í sérákvæðum og skýringarmyndum.


Hæðarblöð sýna hæðir við lóðamörk (G/L). Hæðartölur (H) eru leiðbeinandi fyrir aðalhæð. Hámarkshæð á þaki fyrir mismunandi húsgerðir koma fram í sérákvæðum og skýringarmyndum.

2.4 Lóðir og lóðastærðir


Stærðartafla

Samtals skipulagssvæði	27.072
------------------------	--------

Lóðarnúmer	Húsnöfn	Lóðarstærð m ²	Starfsemi/ Húsagerð	Byggingarmagn m ² ofanjarðar	Nýtingarhlutfall ofanjarðar	Byggingarmagn m ² neðanjarðar	Nýtingarhlutfall neðanjarðar	Nýtingarhlutfall samtals	Fjöldi íbúða	Bílastæði hámark
1	Langitangi 35	1.323	Raðhús	700	0,5			0	3	6
2	Langitangi 33	1.323	Raðhús	700	0,5			0	3	6
3	Langitangi 31	1.340	Raðhús	700	0,5			0	4	8
4	Langitangi 29	1.355	Raðhús	700	0,5			0	4	8
5	Langitangi 27	1.437	Raðhús	700	0,5			0	4	8
6	Langitangi 25	620	Einbýli	350	0,6			0	1	3
7	Langitangi 23	600	Einbýli	350	0,6			0	1	3
8	Langitangi 21 Hamraborg	1.720	Einbýli	210	0,12			0	1	3
9	Langitangi 19	625	Einbýli	350	0,6			0	1	3
10	Langitangi 17	595	Einbýli	350	0,6			0	1	3
11	Langitangi 15	625	Einbýli	350	0,6			0	1	3
12	Langitangi 11-13	4.270	Fjölbýli	4.795	1,1	1.364	0,3	1,4	28	56
Bílastæði í götum										15
Samtals skipulagssvæði		15.833		10.255	0,4				52	125



Sneiðingar



2.5 Húsgerðir, fjöldi íbúða og bílastæði

Í skipulaginu eru fjórar húsgerðir. Um er að ræða tveggja hæða einbýlishús með innbyggðum bílageymslum, tvær gerðir raðhúsa á 1-2 hæðum, önnur með bílageymslum og hin án bílageymslna og fjölbýlishús á fjórum hæðum þar sem efsta hæð er indregin.

Skipulagið skiptist í efra og neðra svæði.

Neðra svæði.

Raðhús með tveimur húsgerðum liggja norðan megin götu. 5 raðhúsalengjur liggja frá norðri til suðurs og hafa garð/útidvalarsvæði í suð-vestur. Auk þess er útisvæði framan við hús þar sem nýtur morgunsólar.

Einbýlishús eru sunnan megin götu sitt hvorum megin við Hamraborg sem er eina íbúðarhúsið á skipulagssvæðinu.

Efra svæði.

Á efra svæðinu, sem er syðri hluti skipulagsins, er ein fjölbýlishúsaloð með tveimur byggingareitum fyrir samtals 28 íbúðir. Bílastæðum á lóð er komið fyrir syðst á skipulagssvæðinu. Gæta skal að tæknilegum ráðstöfunum til að uppfylla kröfur um hljóðvist. Leitast skal við að brjóta upp byggingarmassa og vinna þannig gegn löngum veggliðum. Þetta uppbrot getur bæði átt sér stað í formgerð og einnig með mismunandi byggingarefnum og litum.

Húsgerðir eru frjálstar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð og skilmálar þessir segja til um. Við hönnun húsa og lóða skal miða við að hvoru tveggja falli sem best að því landi sem fyrir er á viðkomandi lóð. Leitast skal við að mynda skjólgóð útidvalarsvæði í suður og vestur.

Gæta skal að yfirbragði byggðar svo hún myndi samfellda heild.

Einn og sami hönnuður skal vera að hverri raðhúsaloð og skal gæta samræmis í hönnun húsa hvað varðar útlit og frágang þ.á.m. þakfrágang, efnisval, áferð og litaval á einstökum byggingarhlutum. Einnig skal samræma hönnun lóða og umhverfis.

Auka íbúðir eru ekki heimilar í húsum á svæðinu.

Hughrifsmyndir fyrir raðhúsabyggðina





Hughrifsmyndir fyrir fjölbýlin



2.6 Sorpgeymslur

Hönnun sorpgeymslna og flokkun sorps skal vera í samræmi við reglugerð Mosfellsbæjar.

2.7 Smáhýsi á lóðum

Á raðhúsalóðum eru sýndar litlar útigeymslur við hvert hús. Út við götu er sýndur sameiginlegur byggingareitur fyrir sameiginlegt sorp- og hjólaskýli. Gera skal grein fyrir þessum smáhýsum á aðaluppdráttum. Önnur smáhýsi eru óheimil.

2.8 Hljóðvist

Aðaluppdráttum fjölbýlishúsa skal fylgja hljóðskýrsla hljóðverkfræðings þar sem gerð er grein fyrir hugsanlegum ráðstöfunum vegna hljóðvistar. Vegna nálægðar við Vesturlandsveg.

2.9 Opin svæði til sameiginlegra nota

Opin svæði til leikja og útiveru innan deiliskipulagssvæðisins tengjast stígakerfi Mosfellsbæjar. Leitast skal við að varðveita núverandi trjágróður sem verða innan opinna svæða deiliskipulagssvæðisins.

2.10 Bílgeymslur og bílastæði

Á mæliblöðum og skilmálateikningu er gefið upp hámarksfjöldi bílastæða sem leysa skal innan hvorrar lóðar og dæmi um staðsetningu þeirra og aðkomu. Bílastæði skulu vera með bundnu slitlagi. Samnotabílastæði eru í götu við einbýli og raðhúsalóðir.

2.11 Frágangur á lóð og lóðarmörkum

Hönnun lóða skal liggja fyrir samtímis aðaluppdráttum. Yfirborðfrágangur lóðar, hæðarsetningar og tegund gróðurs skal koma fram á teikningum. Lóð skal fullgerð þegar lokaúttekt fer fram. Lóðarhæðir á lóðarmörkum skulu sýndar og ganga skal frá lóð í gefnum hæðapunktum skv. mæli- og hæðarblöðum. Gæta skal þess að hávaxin tré skyggi ekki á útsýni nágretta. Lóðarhafar aðliggjandi lóða skulu koma sér saman um frágang á lóðarmörkum í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012.



Yfirlitsmynd - horft frá norð-austri



Yfirlitsmynd - horft frá suð-austri

2.12 Lagnir og veitur

Aðgangur að veitum fyrir svæðið er góður. Stofnlagnir allra veitna annara en fráveitu koma frá Langatanga í austri, þar með talin hitaveita, vatnsveita, ljósleiðari og rafmagn. Fráveita tengist við lagnir í Hamratanga til vesturs, þar með talið skolp og regnvatn. Stofnar eru 250 mm. Veitur ohf. eru með dreifistöð rafmagns við Langatanga 2A.

Lagnir eru allar við jaðar skipulagssvæðisins nema þær sem tengja eitt eldra hús, Hamraborg.




3. Sérstakir skilmálar

SKÝRINGARMYND

3.2 EINBÝLISHÚS - LÓÐ 6,7,9,10 og 11 (Lóðamörk mismunandi)

Hönnun

- Hámarkshæð húsa er 7 m yfir gólfkóta 1.hæðar.
- 3 bílastæði innan lóðar.
- Þakform frjálst.





SKÝRINGARMYND

3.4 RAÐHÚS MEÐ BÍLGEYMSLU - LÓÐ 1 og 2 (Lóðamörk mismunandi)

Hönnun

- Hámarks hæð húsa er 8 m yfir gólfkóta 1. hæðar.
- Hámarksvegg hæð langliða er 4,6 m.
- Hámarks hæð kvista er 5,8 m (30% af vegg lengd langliða).
- Heimilt er að byggja svalir og/eða útbyggingu allt að 2 m utan byggingareits.
- Hús skulu portbyggð með hallandi mænispaki í samræmi við skýringarmynd.
- Heimilt er að nýta þak bílgeymslu fyrir svalir.
- Lita og efnisval húsa er frjálst.
- Tvö bílastæði skulu vera fyrir hverja íbúð.
- Sameiginleg sorp- og hjólageymsla á hverri lóð.
- Kvöð um aðkomu að baklóðum fyrir nágrennalóðir.





SKÝRINGARMYND


3.4 RAÐHÚS MEÐ BÍLGEYMSLU - LÓÐ 1 og 2 (Lóðamörk mismunandi)

Hönnun


- Hámarks hæð húsa er 8 m yfir gólfkóta 1. hæðar.
- Hámarksvegg hæð langliða er 4,6 m.
- Hámarks hæð kvista er 5,8 m (30% af vegg lengd langliða).
- Heimilt er að byggja svalir og/eða útbyggingu allt að 2 m utan byggingareits.
- Hús skulu portbyggð með hallandi mænispaki í samræmi við skýringarmynd.
- Heimilt er að nýta þak bílgeymslu fyrir svalir.
- Lita og efnisval húsa er frjálst.
- Tvö bílastæði skulu vera fyrir hverja íbúð.
- Sameiginleg sorp- og hjólageymsla á hverri lóð.
- Kvöð um aðkomu að baklóðum fyrir nágrannalóðir.




Hamraborg - Deiliskipulag - Mosfellsbær



Hamraborg - Deiliskipulagsuppráttur 1:1000



Snið A-A 1:1000



Snið B-B 1:1000

Stærðartafla

Samtals skipulagssvæði

Lóðarnúmer	Húsnöfn
1	Langitangi 35
2	Langitangi 33
3	Langitangi 31
4	Langitangi 29
5	Langitangi 27
6	Langitangi 25
7	Langitangi 23
8	Langitangi 21 Hamraborg
9	Langitangi 19
10	Langitangi 17
11	Langitangi 15
12	Langitangi 13

Bílastæði í götum

Samtals skipulagssvæði

ÚRDRÁTTUR ÚR GREINARGERÐ

Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 er Hlíðarhverfi skilgreint sem íbúðarsvæði (120-Íb) og hefur það verið deiliskipulagt í áföngum um tveggja áratuga skeið. Svæðið tilheyrir svæðinu vestan Vesturlandsvegur og er á svæði Hamraborgar í Hlíðarhverfi.

Í Aðalskipulagi kemur fram að Hlíðarhverfissvæðið er innan þéttbýlismarkna. Um er að ræða tvo þéttbýlishluta. Hamraborgarsvæðið tilheyrir stærri hlutanum, um 1.180 ha. og tekur til meginbyggðar Mosfellsbæjar vestan Helgafells og Reykjafells að mörkum Reykjavíkur í suðri og norðri. Hlíðarhverfi er með skipulagsákvæði um blandaða byggð, fjölbýlis- og sérbýlishúsabyggð.

Leggja, afmörkun og aðkoma

Deiliskipulagssvæðið er um 2,6 ha að stærð. Deiliskipulagsreitirinn er afmarkaður af Bogatanga/Skeiðholti til norðurs, Langatanga til austurs, þjónustulóðum til suðurs og grænu svæði og einbýlishúsum við Hamratanga til vesturs. Meginaðkoma að svæðinu er að austan frá Langatanga. Í framtíðinni er gert er ráð fyrir að Borgarlínan fari um Bogatanga/Skeiðholt og að stoppstöð verði norðanmegin við deiliskipulagssvæðið.

Klettabelti myndar náttúruleg skil á reitnum og skiptir svæðinu í tvo hluta.

Markmið deiliskipulags

Markmið deiliskipulagsins er að skapa íbúðabyggð sem fellur vel að núverandi byggð og býður upp á blandaða byggð með fjölbýlis- og sérbýlishúsnæði. Áhersla er á að skapa tengingu við aðliggjandi byggð til vesturs, mynda heildræna mynd á Hlíðarhverfissvæðinu. Hagkvæmt og minna sérbýli (raðhús um 180 m²), einbýlishús og íbúðir í fjölbýli með stórbrotnu útsýni.

Mikilvægt er að byggðin falli vel að landi og fyrirkomulag húsa stuðli að sem bestu skjóli og birtu í íbúðum og á dvalarsvæðum.

Húsgerðir, fjöldi íbúða og bílastæði

Í skipulaginu eru fjórar húsgerðir. Um er að ræða tveggja hæða einbýlishús með innbyggðum bílageymslum, tvær gerðir raðhúsa á 1-2 hæðum, önnur með bílageymslum og hin án bílageymslna og fjölbýlishús á fjórum hæðum þar sem efsta hæð er inndregin.

Skipulagið skiptist í efra og neðra svæði.

Neðra svæði.

Raðhús með tveimur húsgerðum liggja norðan megin götu. 5 raðhúsallengjur liggja frá norðri til suðurs og hafa garð/útidvalarsvæði í suð-vestur. Auk þess er útisvæði framan við hús þar sem nýtur morgunsólar.

Einbýlishús eru sunnan megin götu sitt hvorum megin við Hamraborg sem er eina íbúðarhúsið á skipulagssvæðinu.

Efra svæði.

Á efra svæðinu, sem er syðri hluti skipulagsins, er ein fjölbýlishúsaloð með tveimur byggingareitum fyrir samtals 28 íbúðir. Bílastæðum á lóð er komið fyrir syðst á skipulagssvæðinu. Gæta skal að tæknilegum ráðstöfunum til að uppfylla kröfur um hljóðvist. Leitast skal við að brjóta upp byggingarmassa og vinna þannig gegn löngum veggliðum. Þetta uppbrót getur bæði átt sér stað í formgerð og einnig með mismunandi byggingarefnum og litum.

Húsgerðir eru frjálstar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð og skilmálar þessir segja til um. Við hönnun húsa og lóða skal miða við að hvoru tveggja falli sem best að því landi sem fyrir er á viðkomandi lóð. Leitast skal við að mynda skjólgóð útidvalarsvæði í suður og vestur.

Gæta skal að yfirbragði byggðar svo hún myndi samfellda heild.


Einn og sami hönnuður skal vera að hverri raðhúsaloð og skal gæta samræmis í hönnun húsa hvað varðar útlit og frágang þ.á.m. þakfrágang, efnisval, áferð og litaval á einstökum byggingarhlutum. Einnig skal samræma hönnun lóða og umhverfis.

Auka íbúðir eru ekki heimilar í húsum á svæðinu.

Skipulagsgögn/skýringaupprættir

Deiliskipulagið er sett fram á tveimur upprætti og sérstakri greinargerð með skýringarmyndum. Í greinargerð er gert grein fyrir hverri húsgerð með skýringamynd.

Lóðarstærð m ²	Starfsemi/Húsagerð	Byggingarmagn m ² ofanjarðar	Nýtingarhlutfall ofanjarðar	Byggingarmagn m ² neðanjarðar	Nýtingarhlutfall neðanjarðar	Nýtingarhlutfall samtals	Fjöldi íbúða	Bílastæði hámark
5	1.323	Raðhús	700	0,5		0	3	6
3	1.323	Raðhús	700	0,5		0	3	6
1	1.340	Raðhús	700	0,5		0	4	8
9	1.355	Raðhús	700	0,5		0	4	8
7	1.437	Raðhús	700	0,5		0	4	8
5	620	Einbýli	350	0,6		0	1	3
3	600	Einbýli	350	0,6		0	1	3
1	1.720	Einbýli	210	0,12		0	1	3
9	625	Einbýli	350	0,6		0	1	3
7	595	Einbýli	350	0,6		0	1	3
5	625	Einbýli	350	0,6		0	1	3
13	4.270	Fjölbýli	4.795	1,1	1.364	0,3	28	56
	15.833		10.255	0,4			52	125



ADALSKIPULAG MOSFELLSBÆJAR 2011-2030

- Skipulagsmörk
- Byggingarreitur
- Lóðamörk
- Byggingarreitur þak
- Byggingarreitur bílageymsla
- Byggingarreitur séráfnótareits.
- Byggingarreitur smáhús
- Núverandi byggingar
- 22** Húsnúmer
- 4K** Húshæðir og kjallari
- Innkeyrsla í bílakjallara
- Kvöð um aðkomu að baklóðum
- Lejðbeinandi hæðarskipting
- Lóðamúmer
- Mænisstefna
- Útsýnisskifa

Deiliskipulag þetta sem auglýst var skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá _____ til _____ var samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar _____

bæjarstjóri

Gildistaka deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda _____

ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300
www.ask.is



VERKEFNI
**HAMRABORG
MOSFELLSBÆR**

TEGUND TEIKNINGAR
DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR
HEITI TEIKNINGAR
Uppdráttur, snið, greinargerð og stærðartafla

MKV. I A2
1:1000
HANNAD
ASK
TEKNAD
ASK
YFRIF.
ASK
DAGS
15
30.06.2021
ÚTGÁFA

VERK NR. 1932 | ALDREKNI - NÚMÉR TEIKNINGAR 05-01

Hamraborg - Deiliskipulag - Mosfellsba



Hamraborg - Deiliskipulagsuppráttur 1:1000

e




Yfirlitsmynd horft úr norð-austri



Yfirlitsmynd horft úr suð-austri



Horft yfir svæðið frá vestri



ADALSKIPULAG MOSFELLSBÆJAR 2011-2030

-  Núverandi byggingar
-  Innkeyrsla í bilakjallara
-  Lóðarnúmer
-  Útsýnisskifa

Deiliskipulag þetta sem auglýst var
skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010
frá _____ til _____
var samþykkt í
bæjarstjórn Mosfellsbæjar

bæjarstjóri

Gildistaka deiliskipulagsins var auglýst í
B-deild Stjórnartíðinda _____

ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300
www.ask.is



VERKEFNI

HAMRABORG
MOSFELLSBÆR

TEGUND TEIKNINGAR
DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR

HEITI TEIKNINGAR

Uppdráttur, snið, greinargerð og
stærðartafla

MKV. Í A2

1:1000

HANNAÐ

ASK

TEIKNAD

ASK

YFIR-

GRY

DAGS.

30.06.2021

VERK NR.

1932

AUDKENNI - NÚMER TEIKNINGAR

05-02

ÚTGÁFA